

Rótarýklúbburinn Görðum – 9.fundur 7.október 2019

Á fundinum 7. október flutti Margrét Berndtsen Sigurgeirsdóttir, forstöðukona bókasafns Garðabæjar, meginerindið og fjallaði um sögu safnsins og starfsemi, sem hefur orðið æ fjölþættari með árunum. Safnið var opnað árið 1968 og komst eftir nokkur ferðalög í núverandi húsnæði við Garðatorg árið 1995. Þar hefur starfsemi þess þróast þannig að nú má kalla það alhliða fræðslu-, menningar- og samkomusetur.

Össur Stefánsson flutti þriggja mínútna erindi um góðgerðafélagið Bergmál, sem hann stofnaði með og rekur í samstarfi við vini og skólafélaga.

Á fundinn mættu 27 félagar, þar af 5 án mætingarskyldu. Þetta gerir 36% mætingu.